

Árbók bílgreina 2017

Hagtölur um íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ



RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

ÁRBÓK BÍLGREINA 2017

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2017 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar
Ritstjóri og ábyrgðamaður: Emil B. Karlsson
Texti og talnaefni: Emil B. Karlsson og Pálmar Þorsteinsson
Hönnun kápu: Þorfinnur Sigurgeirsson

© 2017 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið
Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið
WWW.BGS.IS

Reykjavík, apríl 2017

Efnisyfirlit

1	<i>Umfang bílgreina</i>	1
1.1	<i>Hluttur bílgreina í landsframleiðslu nálgast fyrirhrunsár</i>	1
1.2	<i>Bílasölum fjölgaði um 9% milli ára</i>	2
1.3	<i>Tvöföldun í fjölda gjaldþrota</i>	2
1.4	<i>Fjórðungsaukning í veltu bílasala</i>	3
1.5	<i>Átta milljarðar til ríkisins í vörugjöld af nýjum bílum</i>	4
1.6	<i>Vörugjöld af díselolíu aukast meira en af bensíni</i>	4
1.7	<i>Minnkandi innflutningur á varahlutum</i>	5
1.8	<i>6,6 milljarðar í bifreiðagjöld</i>	6
1.9	<i>Stígandi í tekjum vegna eigendaskipta og nýskráninga</i>	6
1.10	<i>Skattur vegna fræðslu í umferðaröryggi 156 milljónir í fyrra</i>	7
1.11	<i>Vanræksla kostaði bíleigendur níu milljónir</i>	7
2	<i>Bílaflotinn</i>	8
2.1	<i>Aldrei fleiri nýjar fólksbifreiðar</i>	8
2.2	<i>Fleiri ökutæki en íbúar á Íslandi</i>	9
2.3	<i>Gráir, hvítir og svartir bílar vinsælir – enginn kaupir bleikan bíl</i>	9
2.4	<i>Nýskráningar bíla eftir landshlutum</i>	10
2.5	<i>Meðalaldur bílaflotans yngist</i>	11
2.6	<i>35 þúsund ökumenn of seinir í ástandsskoðun</i>	12
2.7	<i>Hlutfallslega lítil aukning umferðaslysa</i>	12
3	<i>Ökutæki og umhverfisáhrif</i>	13
3.1	<i>Heimsmarkaðsverð olíu lækkar meira en lækkun smásöluverðs</i>	13
3.2	<i>Endurnýjanlegir orkugjafar í sókn</i>	14
3.3	<i>Hluttur bíla í losun koldíoxíðs er 23%</i>	15
3.4	<i>Nýir bílar menga minna</i>	15
4	<i>Starfsumhverfi bílgreina</i>	16
4.1	<i>Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum</i>	16
4.2	<i>Litlar breytingar í fjölda starfsmanna í bílgreinum</i>	18
4.3	<i>Nemendum í bílgreinum fjölga</i>	18
4.4	<i>Óbreyttur fjöldi með sveinspróf í bílgreinum á milli ára</i>	19
5	<i>Aðildarfyrirtæki BGS</i>	20

Myndaskrá

1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu.	1
1.2	Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.	2
1.3	Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni.	2
1.4	Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs.	3
1.5	Vörugjöld af innflutningi bifreiða.	4
1.6	Vörugjöld af bensíni og olíugjald.	4
1.7	Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum.	5
1.8	Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum.	6
1.9	Innheimt skráningargjöld eftir árum.	6
1.10	Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum.	7
1.11	Innheimt vanrækslugjald eftir árum.	7
2.1	Nýskráningar nýrra bifreiða.	8
2.2	Fjöldi skráðra ökutækja.	9
2.3	Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða.	9
2.4	Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlut- um.	10
2.5	Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans.	11
2.6	Álagningar vanrækslugjalda.	12
2.7	Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári.	12
3.1	Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002.	13
3.2	Eldsneytisnotkun bílaflotans.	14
3.3	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2) eftir uppruna árið 2014.	15
3.4	CO_2 losun nýskráðra bifreiða á kílómetra.	15
4.1	Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2015.	16
4.2	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönn- un VR ásamt 25% og 75% mörkum.	17
4.3	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR.	17
4.4	Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum.	18
4.5	Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum.	18
4.6	Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum.	19

Ávarp formanns



Kæru félagsmenn,

Árbók bílgreina er mikilvægt rit sem kemur nú út í fjórða sinn. Árið sem liðið er frá síðasta aðalfundi hefur í senn verið viðburðarríkt og krefjandi og standa félagsmenn nú frammi fyrir miklu áskorunum á komandi árum.

Vegna þeirra miklu breytinga sem nú eiga sér stað varðandi alla lykilþætti bílgreinarinnar þarf Bílgreinasambandið að efla störf sín. Framundan eru orkuskipti, flækjustig við samskipti bíla sín á milli og við umhverfi sitt verður sífellt hærra, deilihagkerfið og vaxandi þrýstingur viðskiptavina um enn betri þjónustu á betra verði.

Við sem erum forsvarsmenn bílgreinarinnar á Íslandi þurfum að bretta upp ermar.

Stækkandi bílafloti, sem loksins er að yngjast kallar á enn meiri þjónustu. Hann kallar á vel menntaða starfsmenn af báðum kynjum sem þurfa að hafa besta tækjabúnað sem völ er á. Við þurfum að bjóða upp á góða aðstöðu starfsmanna, öruggt starfsumhverfi og góð laun. Bílgreinin er í samkeppni við aðrar greinar atvinnulífsins og verður að skara fram úr til að laða gott starfsfólk sér til liðs.

Á árinu 2016 útskrifuðust 58 nemendur með sveinspróf í bílgreinum. Þetta er lykilmál í framtíð bílgreinarinnar og við þurfum að hlúa vel að þeim með spennandi atvinnutækifærum og sjá til þess að þau vaxi og dafni. Af þessum 58 sveinum voru þó aðeins 2 sem kláruðu bifreiðasmíði. Það er mikið áhyggjuefni að ekki sé að takast betur til við að fjölga nemendum af því sviði.

Við þurfum að gera betur.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Bílgreinasambandsins þakka Rannsóknarsetri verslunarinnar og ritnefnd fyrir góða vinnu við Árbók bílgreina sem er mikilvægt tæki í síbreytilegum rekstri bílgreina. Hún er öflugt tæki fyrir stjórnendur í bílgreininni til að taka réttar og upplýstar ákvarðanir fyrir fyrirtæki sín.

Jón Trausti Ólafsson
Formaður Bílgreinasambandsins


1 Umfang bílgreina

1.1 Hlutur bílgreina í landsframleiðslu nálgast fyrirhrunsár

Hlutur bílgreina¹ í landsframleiðslu var 1,6% árið 2016 og jókst um 0,1 prósentustig frá árinu áður. Hlutur bílgreina í landsframleiðslu hefur hækkað á hverju ári allt frá hrunárinu 2008 og nálgast að vera sama og þegar best lét fyrir hrun. Til samanburðar var hlutur hefðbundins landbúnaðar 1,1% á síðasta ári og hlutur fiskvinnslu 2,7%. Meðaltalshlutfall bílgreina í landsframleiðslu á síðustu tíu árum, 2006 – 2016, var 1,2% og er því komið upp fyrir meðaltalið.

Bílgreinar samanstanda af nokkrum undirflokkum bílgreina sem eru mis viðkvæmar fyrir breytingum í efnahagsumhverfinu. Mismunandi er hve viðkvæmir einstaka undirþættir í flokki bílgreina eru við breytingar í efnahagsumhverfinu. Þannig er stærsti einstaki undirþáttur bílgreina, sala vélknúinna ökutækja, viðkvæmastur fyrir efnahagssveiflum. Þetta kemur berlega í ljós bæði í upp- og niðursveiflum efnahagslífsins. Í efnahagssamdrætti seljast færri nýir bílar en á móti kemur að viðgerðapjónusta dafnar við að þjónusta þá sem vilja framlengja líftíma bíla sinna.

¹ Bílgreinar eru þær atvinnugreinar sem falla undir flokk 45 í atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT2008. Til þeirra teljast meðal annars sala nýrra og notaðra bifreiða og vélhjóla ásamt viðhaldi, viðgerðum og sölu vara- og aukahluta.




Mynd 1.1: Hlutur bílgreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.2

Bílasölum fjölgaði um 9% milli ára

Nýjum bílgreinafyrirtækjum fjölgaði um 48 árið 2016 frá árinu áður og voru alls 914 í lok ársins. Mest fjölgaði viðgerðaverkstæðum, eða um 33. Bílasölum fjölgaði um 17 sem er hlutfallslega mest aukning þeirra fyrirtækja sem teljast til bílgreina (flokkur 45 í atvinnuvegaflokk ÍSAT2008) milli ára, eða sem nam 9%. Seljendum vara- og aukahluta í bíla fækkaði hins vegar um tvo á árinu.




Mynd 1.2: Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.3

Tvöföldun í fjölda gjaldprota

Meira en tvöföldun varð í fjölda gjaldprota bílgreinafyrirtækja árið 2016 í samanburði við árið áður. Alls urðu 38 bílgreinafyrirtæki gjaldprota árið 2016 en 16 árið áður. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að á árabílinu frá 2011 til 2015 fækkaði gjaldprotum í greininni á hverju ári, eða úr 40 og niður í 16 á fjögurra ára tímabili og staða bílgreina hefur almennt styrkst til muna á þessu tímabili. Flest gjaldprot urðu í flokki bílaviðgerða, eða alls 18, og þá urðu 14 gjaldprot meðal bílasala. En eins og áður kemur fram, fjölgaði jafnframt nýjum bílasölum um 17 á árinu.




Mynd 1.3: Fjöldi gjaldprota fyrirtækja í bílgreininni. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.4

Fjórðungsaukning í veltu bílasala

Alls nam velta bílgreina, að meðtöldum viðgerðum, sölu á varahlutum og aukabúnaði, 160 milljörðum kr. árið 2016 og jókst um 20% frá árinu áður. Sannarlega má segja að sprenging hafi orðið í greininni og sérstaklega í sölu á nýjum bílum árið 2016. Velta í sölu nýrra bíla nam alls 121,3 milljarða kr. og jókst um næstum fjórðung frá árinu áður. Bílasala er umfangsmesti hluti bílgreinanna, eða sem nemur um 76% af heildarveltu greinarinnar. Velta bílaviðgerða og viðhalds nemur um 17% af heildarveltu greinarinnar. Sala varahluta og aukabúnaðar er um 6% af heildarveltu greinarinnar.


Árið 2009, í kjölfar hrunsins, nam velta bílgreina 52,1 milljarði kr. og hefur því aukist á sjö árum um 206%. Líklega eru vanfundin önnur lönd sem geta státað af öðrum eins vexti í veltu bílgreina.



Mynd 1.4: Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.5 Átta milljarðar til ríkisins í vörugjöld af nýjum bílum


Tekjur ríkisins af vörugjöldum vegna innflutnings nýrra bíla árið 2016 voru 8,4 milljarðar kr. og jukust um 21% frá fyrra ári. Þessi tekjuaukning er vegna mikillar fjölgunar nýrra bíla sem fluttir voru til landsins á árinu. Vörugjöld á hvern nýskráðan bíl var að meðaltali 9% lægra árið 2016 en árið áður. Ástæðan er sú að vörugjöld ráðast af skráðri losun koltvísýrings bifreiða og þar sem losun nýrra bíla fer almennt minnkandi lækka umhverfisgjöld sem bílakaupendur þurfa að greiða.



Mynd 1.5: Vörugjöld af innflutningi bifreiða.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.6 Vörugjöld af díselolíu aukast meira en af bensíni

Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum á bensín ásamt olíugjaldi árið 2016 voru næstum 22 milljarðar kr. og jukust um 1,6 milljarð kr. frá fyrra ári. Vörugjöld á bensín voru 12,2 milljarðar kr. og olíugjald 9,4 milljarðar kr. Samtals hækkuðu þessi gjöld um 8% frá fyrra ári. Tekjur af olíugjaldi hækkaði hlutfallslega mun meira eða um 16% meðan innheimt vörugjöld af bensíni hækkuðu um 2%.




Mynd 1.6: Vörugjöld af bensíni og olíugjald.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.7

Minnkandi innflutningur á varahlutum

Heildarvirði innflutnings á varahlutum, hjólbörðum og smurolíu var mun minna 2016 en árið áður. Þannig var innflutningsverðmæti bílavarahluta 5,3 milljarðar kr. árið 2016 en 5,6 milljarðar árið áður á verðlagi 2016. Verðmæti hjólbarda lækkaði á milli ára úr 4 milljörðum 2015 í 3,8 milljarða 2016 og smurolía úr 1,6 milljörðum í 1,3 milljarða. Hér er miðað við CIF innflutningsverðmæti á verðlagi 2016.

Eins og sést á línuritinu er algengt að innflutningsverðmæti sveiflist á milli ára. Meðal áhrifaþátta er meðalaldur bílaflotans, sveiflur í gengi og kaupmáttur.




Mynd 1.7: Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.8

6,6 milljarðar í bifreiðagjöld

Tekjur ríkisins af bifreiða- og úrvinnslugjöldum voru 6,6 milljarðar króna árið 2015 eða nánast sama upphæð og árið áður. Leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum hafa innheimt bifreiðagjöld verið svipuð síðastliðin tíu ár eða allt frá árinu 2005. Þessi tekjustofn ríkisins hefur því verið nokkuð stöðugur undanfarinn áratug.




Mynd 1.8: Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum. Heimild: Fjársýslan.

1.9

Stígandi í tekjum vegna eigendaskipta og nýskráninga

Skráningargjöld eigenda vegna nýskráninga bifreiða og eigendaskipta námu 368 milljónum króna árið 2016 en það er aukning upp á 52 milljónir króna eða 17% frá fyrra ári. Þar af voru nýskráningar 133 milljónir en eigendaskipti 235 milljónir. Töluvert meiri aukning, eða 38%, var í gjöldum vegna nýskráninga samanborið við 7% vegna eigendaskipta. Eins og sést á skýringarmyndinni hafa tekjur ríkisins vegna þessa gjaldflokka aukist á hverju ári frá 2009.




Mynd 1.9: Innheimt skráningargjöld eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.10

Skattur vegna fræðslu í umferðaröryggi 156 milljónir í fyrra

Ríkissjóður hafði í tekjur 156 milljónir króna í umferðaröryggisgjöld á árinu 2016 sem er tæpum 2% meira en í fyrra. Gjaldið er innheimt við ástandsskoðun ökutækis, nýskráningu og við eigendaskipti. Tekjurnar eiga að standa straum af fræðslu um umferðaröryggi.

Tekjur af þessu gjaldi hafa hækkað á hverju ári frá árinu 2008, bæði vegna aukinna umsvifa í bílaviðskiptum og vegna hækkunar gjaldsins.




Mynd 1.10: Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.11

Vanræksla kostaði bíleigendur níu milljónir

Innheimta ríkisins á vanrækslugjöldum árið 2016 voru 383 millj. kr. sem var 9,4 millj. kr. lægri upphæð en árið áður. Vanrækslugjöld eru lögð á þá bíleigendur sem sinna því ekki að færa bíla sína til ástandsskoðunar eða fara með þá of seint.



Mynd 1.11: Innheimt vanrækslugjald eftir árum. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2

Bílaflotinn

2.1


Aldrei fleiri nýjar fólksbílfreiðar

Aldrei hafa fleiri nýir fólksbílar verið skráðir á Íslandi á einu ári en 2016. Heildarfjöldi nýrra skráðra bílfreiða var 20.735 á árinu, sem er 33% aukning frá árinu áður. Þar að auki voru nýskráðir hér á landi 1.702 bílar sem áður höfðu verið skráðir erlendis.

Nýskráðir nýir fólksbílar 2016 voru 18.442 og nýir atvinnubílar (sendi-, vöru- og hópbílar) voru 2.293. Auk nýrra atvinnubíla var flutt inn töluvert af notuðum bílum. Hlutfallslega var mun meiri aukning í fjölda nýskráðra atvinnubíla en fólksbíla. Þannig jókst fjöldi nýrra atvinnubíla um 47% frá árinu áður en 32% fjölgun varð í nýjum fólksbílum. Fjöldi nýrra atvinnubíla skiptist með þessum hætti:

- Alls voru nýskráðir 1.773 nýir sendibílar árið 2016 og 776 notaðir.
- Alls voru nýskráðir 235 nýir hópbílar árið 2016 og 198 notaðir.
- Alls voru nýskráðir 215 nýir vörubílar árið 2016 og 206 notaðir.


Bílaleigubílar voru um helmingur nýrra nýskráðra bíla hér á landi árið 2016. Alls voru fluttir inn 9.837 bílar til nota á bílaleigum.



Mynd 2.1: Nýskráningar nýrra bílfreiða.
Heimild: Samgöngustofa.

2.2 Fleiri ökutækni en íbúar á Íslandi


Heildarfjöldi skráðra ökutækja á Íslandi í árslok 2016 var 344.664. Þannig voru fleiri en eitt ökutækni skráð á hvern íbúa að meðaltali á síðasta ári. Fjölgun ökutækja frá fyrra ári var um 6% og hefur undanfarin ár verið mun hraðari en fjölgun íbúa á sama tíma. Samkvæmt flokkun Samgöngustofu voru um tveir þriðju allra ökutækja drifnir með bensíni.



Mynd 2.2: Fjöldi skráðra ökutækja. Heimild: Samgöngustofa.

2.3 Gráir, hvítir og svartir bílar vinsælir – enginn kaupir bleikan bíl

Á árinu 2016 voru 69% allra nýskráðra bíla annaðhvort gráir eða hvítir á litinn. Enginn nýskráður bleikur bíll var skráður á árinu, né árið áður. Af þeim 20.934 bílum sem nýskráðir voru á árinu, voru 8.356 gráir og 6.070 voru hvítir. Grái liturinn hefur lengi verið langvinsælasti bílaliturninn meðal Íslendinga. Því verður ekki sagt að landsmenn séu litaglaðir þegar kemur að vali á heimilisbílnum. Vissulega kemur rauður litur í þriðja sæti lista yfir bílaliti en í því fjórða eru svartir bílar. Fæstir bílar eru gulir og engir nýskráðir bílar á síðasta áru voru bleikir eins og áður segir.




Mynd 2.3: Litasamsetning nýskráðra fólksbílfreiða. Heimild: Samgöngustofa.

2.4

Nýskráningar bíla eftir landshlutum

Eðli málsins samkvæmt voru flestar þeirra bifreiða sem nýskráðar voru á árinu 2016 skráðar á höfuðborgarsvæðinu, eða 13.108 bifreiðar sem er næstum tveir þriðju allra nýskráðra bíla á árinu. Ef fjöldi nýskráninga er hins vegar skoðaður með tilliti til íbúafjölda í mismunandi landshlutum sést að fjöldinn er mestur á Suðurnesjum. Á árinu voru skráðir 94 nýir bílar á hverja 1.000 íbúa á Suðurnesjum. Næst kom höfuðborgarsvæðið með 61 bifreið nýskráða á hverja 1.000 íbúa og íbúar Norðurlands eystra komu í þriðja sæti með 59 bíla. Hlutfallslega færstir nýir bílar voru skráðir á Vestfjörðum, eða tæplega 14 á hverja 1.000 íbúa.

Taka ber fram að um helmingur nýskráðra bíla árið 2016 voru bílaleigubílar sem væntanlega eru skráðar þar sem höfuðstöðvar viðkomandi bílaleiga er eða kaupleiga, þar sem það á við.



Mynd 2.4: Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum. Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa. Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar.


2.5

Meðalaldur bílaflotans yngist

Meðalaldur fólksbifreiða á skrá í árslok 2016 var 12,5 ár og meðalaldur annarra bifreiða (hóp, sendi- og vörubifreiða) var 13,6 ár. Árið áður var meðalaldur fólksbíla 12,7 ár og því ekki mikil breyting milli ára.

Heildarbílafloti í landinu eykst hratt með innflutningi nýrra bíla og því er eðlilega mest aukning sé í yngsta flokki bíla, þ.e. þeirra sem eru á bilinu 0 – 5 ára. Fjöldi bíla í þessum aldursflokki bíla jókst um þriðjung (33%) í árslok 2016 frá sama tíma árið áður. Sem dæmi um aukningu í fjölda bíla á aldursbilinu 0 – 5 ára má nefna að árið 2013 voru 27.128 bifreiðar skráðar í þann flokk en árið 2016 voru þær orðnar 62.471.

Jafnframt virðast bíleigendur eldri bíla halda bílum sínum vel við. Þannig jókst fjöldi þeirra bíla sem eru 20 ára og eldri á fimm árum (2011 – 2016) um 34%. Íslenski bílaflotinn er talinn gamall í alþjóðlegum samanburði. Í því sambandi hefur verið bent á að ókosturinn við eldri bifreiðar sé að þeir krefjast meira og dýrara viðhalds auk þess sem nýrri bifreiðar eru sparneytnari, umhverfisvænni og öruggari fyrir farþega.




Mynd 2.5: Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans. Heimild: Samgöngustofa.

2.6

35 þúsund ökutækja af seinni í ástandsskoðun

Árið 2016 voru lögð vanrækslugjöld á eigendur 35.440 ökutækja sem ekki höfðu sinnt því að færa bifreiðar sínar til ástandsskoðunar innan þess tímaramma sem gefinn er. Fjöldi álagningar var 5% færri en árið áður. Mikill meirihluti álagninganna, eða 80%, er vegna þess að eigendur færa bíla sína ekki til aðalskoðunar á tilskildum tíma en minnihluti vegna seinnar endurskoðunar.




Mynd 2.6: Álagningar vanrækslugjalda. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfirðum.

2.7

Hlutfallslega lítil aukning umferðarslysa

Skráð umferðaróhöpp á árinu 2016 voru 6.787 sem er 6% fjölgun frá árinu 2015. Flest óhöppin voru minniháttar eða án meiðsla. 18 banaslys urðu í umferðinni 2016 en voru 16 árið áður. Að jafnaði hafa um 15 manns látist í umferðarslysum á hverju ári á síðastliðnum áratug. Flest óhöpp ársins 2016 urðu í desember, en fæst í maí eins og var árið þar áður. Þó slysum fjölgi lítið eitt á milli ára er áberandi að fjölgunin er ekki í samræmi við aukinn fjölda ökutækja eða ekna kílómetra. Almennt er talið að betur búin ökutæki, fræðsla um umferðaöryggi og bætt samgöngumannvirki hafi skilað sér með þessum hætti.

Sá aldurshópur sem langalgengast er að verði fyrir slysum í umferðinni eru þeir sem eru 17 – 26 ára. 20% þeirra sem lentu í slysum í umferðinni 2016 var fólk af öðru þjóðerni en íslensku. Flestir þeirra voru frá Kína, eða alls 36.




Mynd 2.7: Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári. Heimild: Samgöngustofa.



3 Ökutæki og umhverfisáhrif

3.1 Heimsmarkaðsverð olíu lækkar meira en lækkun smásöluverðs

Verð á einum lítra af bensíni í sjálfsafgreiðslu var um 7% lægra í ársbyrjun 2017 en í ársbyrjun 2016 og verð á díselolíu hafði lækkað um 10%. Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur farið ört lækkandi undanfarin ár og lækkaði árið 2016 um næstum 25% frá árinu áður. Innlent endursöluverð endurspeglast ekki í þeirri fjórðungslækkun sem átti sér stað á árinu. Eldsneyti er líklega einn stærsti kostnaðarliðurinn við rekstur ökutækja og því er lækkun eldsneytisverðs mikil búbot fyrir bifreiðaeigendur.



Mynd 3.1: Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002. Heimild: Hagstofa Íslands.

3.2


Endurnýjanlegir orkugjafar í sókn

Þó jarðefniseldsneytið bensín og dísilolífa sé langalgengasta eldsneyti á bíla hefur annað umhverfisvænna eldsneyti margfaldast í notkun á undanförunum árum. Enn eru hinir óhefðbundnu orkugjafar aðeins um 6% af heildarmagni þess eldsneytis sem bílafloti landsmanna notar.

Árið 2016 var innlend bensínnotkun á bílaflotann 136.355 tonn og jókst um aðeins 3% frá árinu áður. Notkun díselolíu nam á árinu 193.293 tonnum, en það var 16% aukning frá árinu áður. Notkun endurnýjanlegra orkugjafa eins og lífdísilolíu, metan og etanól nam alls um 18 þúsund tonnum og jókst um 16% frá árinu áður en hefur margfaldast á undanförunum árum. Á undanförunum tveimur árum hafa endurnýjanlegir orkugjafar fyrir bíla aukist um 174% samkvæmt mælingu Orkustofnunar.

Erfitt getur reynst að bera saman notkun rafmagns á rafbíla í samanburði við þá orkugjafa sem hægt er að mæla í tonnum. Því er notuð sú leið að reikna út tonn olíuígilda með því að taka áætlaða raforku til rafbíla og umreikna í olíuígildi og margfalda með 2,5. Hugmyndin er sú að átta sig á því hversu mikilli olíu hefði verið brennt ef rafbíllinn hefði keyrt á bensíni eða dísilolíu. Árið 2016 var rafmagnsnotkun rafbíla áætluð 1.241 tóí. með því að beita ofangreindri aðferð.

Heildareldsneytisnotkun 2016 var um 6% meiri en árið áður í tonnum talið. Sá þáttur sem hefur mest áhrif til minnkunar eldsneytisnotkunar er sparneytni bíla en á móti kemur gífurlega aukning erlendra ferðamanna sem margir hverjir leigja bíla til að aka um landið eða ferðast um á hópferðabílum.




Mynd 3.2: Eldsneytisnotkun bílaflotans.
Heimild: Orkustofnun.

3.3 Hlutur bíla í losun koldíoxíðs er 23%

Bílafloti landsmanna losaði 23% af heildarútsreymi koldíoxíðs árið 2014 (24% árið áður). Það nam 765 þúsund tonnum en árið áður var losunin 787 þúsund tonn og því dróst heildarlosunin bílaflotans saman um 3% á milli ára þó flotinn stækki.

Stærstur hluti heildarlosunar koltvíoxíðs hér á landi er af völdum stór- iðju, eða helmingur allrar losunar. Þá losar skipafloti landsmanna um 13% heildarmagnsins. Að mati Umhverfisstofnunar var heildarkoltvísýringslosun Íslendinga um 3,3 milljónir tonna árið 2014 og minnkaði lítillega á milli ára. Engar meiriháttar breytingar á losun þessarar mengandi lofttegundar eru á milli ára en ánægjulegt er þó að almennt dregur úr losuninni, ekki síst með nýrri tækni eins. Það á ekki síst við um nýja tækni í bílaframleiðslu.




Mynd 3.3: Losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂) eftir uppruna árið 2014. Heimild: Orkustofnun.

3.4 Nýir bílar menga minna

Nýir bílar losa umtalsvert minna koltvíoxíð en þeir sem eldri eru, eru sparneytnari og öruggari. Ný tækni sem dregur úr losunar hættulegra efna í andrúmsloftið hefur fylgt í kjölfar hertra krafna þar um. Að meðaltali losuðu nýir bílar 2016 128 gr. koldíoxíðs á ekinn kílómetra. Til samanburðar losuðu nýir bílar ársins 2010 173 gr. koltvíoxíðs á hvern ekinn kílómetra. Því er um að ræða 26% lækkun á útblástursgildum á tímabilinu. Kröfur almennings ráða þarna einnig miklu.

Í nýrri könnun Gallup hyggjast fleiri ökumenn kaupa næst rafmagnsbíl en bensínbíl. Enda hefur mikil aukning hefur verið á kaupum rafmagnsbíla á síðustu misserum. Ýmsir hvatar eru í þá áttina og má nefna lægri aðflutningsgjöld, afslátt sem bílaumboð veita og lægri iðgjöld trygginga.




Mynd 3.4: CO₂ losun nýskráðra bifreiða á kílómetra. Heimild: Orkusetur.




4 Starfsumhverfi bílgreina

4.1 Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum

Engar opinberar tölur eru til um laun sundurgreind niður á þá sem starfa í bílgreinum. Starfsfólk bílgreina vinnur margbreytileg störf á verkstæðum, sem sölumenn, skrifstofustörf og við stjórnun og rekstur. Árið 2015 var miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 435 þúsund krónur sem var 7,4% hækkun frá árinu áður. Laun almennt hækkuðu um 10,4% óháð starfsstétt voru meðallaun 440 þúsund árið 2015, samanborið við 397 þúsund krónur árið 2014.




Mynd 4.1: Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2015. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4.2: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum. Heimild: Launakönnun VR.

Heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru 648 þúsund krónur á mánuði árið 2016 samkvæmt launakönnun VR og hækkuðu um 18% milli ára. Helmingur starfsfólks við sölu og viðgerðir bifreiða hafði heildarlaun á bilinu 488 til 725 þúsund krónur á mánuði. Fjórðungur starfsfólk hafði laun undir 488 þúsundum og annar fjórðungur yfir 725 þúsundum.




Mynd 4.3: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR. Heimild: Launakönnun VR.

Séu launin leiðrétt fyrir verðlagsþróun nemur hækkun launa að raunvirði tæpum 16% frá síðasta ári. Það er umtalsvert meiri hækkun en verið hefur undanfarin ár en launin hækkuðu að meðaltali um tæp 3% að raunvirði síðustu fimm árin þar á undan. Laun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða lækkuðu umtalsvert árið 2009 en eru nú að raunvirði orðin hærri en þau voru fyrir áratug.

4.2 Litlar breytingar í fjölda starfsmanna í bílgreinum


Fjöldi þeirra starfsmanna sem störfuðu við bílgreinar 2016 var óbreyttur frá árinu áður. Áætlun Hagstofunnar er að á árinu 2016 hafi um 3.600 manns starfað í bílgreinum við viðhald, viðgerðir og sölu á ökutækjum, líkt og árið áður. Þetta er 1,3% af heildarfjölda starfandi í landinu sem er heldur lægra hlutfall en árið áður.



Mynd 4.4: Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum. Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

4.3 Nemendum í bílgreinum fjölga

Nemendum í bílgreinum fjölgaði um 20 milli áranna 2013 og 2014. Í heildina stunduðu 350 nemendur nám í bílgreinum í íslenskum framhaldsskólum árið 2014. Þar af voru 143 nemendur í skraðir í grunnám bíliðna. Af sérgreinum voru lögðu flestir nemendur stund á bifvélavirkjun eða 154 manns. Nemendur í bifreiðasmíðum voru 27 og í bílamálun 26. Árið 2014 fjölgaði nemendum í grunnnámi bíliðna um 36% og því má ætla að aukin ásókn verði í sérgreinar í kjölfarið.




Mynd 4.5: Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

4.4

Óbreyttur fjöldi með sveinspróf í bílgreinum á milli ára

Árið 2016 luku 50 manns sveinsprófi í bílgreinum. Flestir luku prófi í bifvélavirkjun, eða 40. Þá luku 8 nemendur sveinsprófi í bílamálun og 2 í bifreiðasmíði. Sáríttlar breytingar eru á milli ára í fjölda þeirra sem útskrifast bílgreinum. Þannig voru 49 nemar sem luku sveinsprófi í bílgreinum 2015. Á síðustu níu árum hafa að meðaltali 48 nemendur útskrifast á ári. Á meðan fjöldi nýliðunar í bílgreinum stendur nánast í stað á milli ára stækkar bílaflotinn jafnt og þér á milli ára. Þetta hlýtur leiða til hættu á að skortur verði á fagfólki í greininni þegar fram líða stundir.



Mynd 4.6: Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum. Heimild: Iðan fræðslusetur.



5

Aðildarfyrirtæki BGS

Nafn

100 bílar ehf.
AB Skálinn Arnarstaðir ehf
Almenna bílaverkstæðið
Alp- Gák ehf.
Armur ehf.
B B Bílaréttingar ehf.
BB Bílasalan ehf.
Bernhard ehf
Betri bílar ehf.
BHS ehf.
Bifreiðasmiðja G & Ó
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjónssonar ehf.
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Bifreiðaverkstæði Björns P. ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf.
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.
Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf.
Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf.
Bílabankinn ehf.
Bílabúð Benna ehf.
Bílagerði ehf.

Heimilisfang

Þverholti 6
Gagnheiði 11
Skeifunni 5
Skemmuvegi 20
Skeifunni 5
Viðarhöfða 6
Stórhöfða 26
Vatnagörðum 24
Skeifunni 5
Fossbrún 2
Funahöfða 3
Smiðjuvegi 40d
Laufásgötu 5
Fjölnisgötu 2a
Smiðjuvegi 40d
Hrísmýri 3
Akralind 9
Skemmuvegi 34
Smiðjuvegi 22
Skemmuvegi 46m
Flugumýri 2
Bæjarflöt 13
Selnesi 28
Eirhöfða 11
Vagnhöfða 23
Eyrarlandi 1

Staður

270 Mosfellsbæ
800 Selfoss
108 Reykjavík
200 Kópavogur
108 Reykjavík
110 Reykjavík
110 Reykjavík
104 Reykjavík
108 Reykjavík
621 Dalvík
110 Reykjavík
200 Kópavogur
600 Akureyri
600 Akureyri
200 Kópavogur
800 Selfoss
200 Kópavogur
200 Kópavogur
200 Kópavogur
270 Mosfellsbæ
112 Reykjavík
760 Breiðdalsvík
110 Reykjavík
110 Reykjavík
530 Hvammstanga

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf.	Bíldshöfða 5	110 Reykjavík
Bílaleiga Húsavíkur hf.	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Bílamálun Egilsstöðum ehf.	Fagradalsbraut 21-23	700 Egilsstöðum
Bílamálun Halldórs P. Nikúlassonar	Funahöfða 3	110 Reykjavík
Bílamálun Pálmars ehf.	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílaust ehf.	Dvergshöfða 2	110 Reykjavík
Bílarétting Beyja	Frotagötu 6b	603 Akureyri
Bílar Korputorgi ehf.	Blikastaðavegi 2-8	112 Reykjavík
Bílar og tjón ehf.	Skemmuvegi 44m	200 Kópavogur
Bílar og Vélar hf.	Hafnarbyggð 18	690 Vopnafirði
Bílasala Íslands ehf.	Skógarhlíð 10	105 Reykjavík
Bílasprautun Magga Jóns ehf.	Íðavellir 11	230 Reykjanesbæ
Bílasprautun og réttingar Varmi ehf.	Auðbrekku 14	200 Kópavogur
Bílaumboðið Askja ehf.	Krókhálsi 11	110 Reykjavík
Bílaupþboð ehf.	Suðurhrauni 3	210 Garðabæ
Bílaverkstæðið Bragginn	Flötum 20	900 Vestmannaeyjum
Bílaverkstæðið Knastás ehf.	Skemmuvegi 4	200 Kópavogur
Bílaverkstæðið Pardus ehf.	Suðurbraut	565 Hofsó
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.	Rauðalæk	851 Hellu
Bílaverkstæðið smur og dekk ehf.	Aðalstræti 3	450 Patreksfirði
Bílaverkstæði Ella	Byggðörðum 2b	170 Seltjarnarnesi
Bílaverkstæði Kjartans & Þorgeirs	Smiðjuvegi 48d	200 Kópavogur
Bílaverkstæði SB ehf.	Sindragötu 3	400 Ísafirði
Bílaverkstæði Austurlands ehf.	Miðási 2	700 Egilsstöðum
Bílaþjónustan Hellu ehf.	Dýnskálum 24	850 Hellu
Bílaþjónusta Péturs ehf.	Vallholti 17	800 Selfoss
Bílbót ehf.	Bolafæti 3	260 Reykjanesbæ
Bíley hf.	Leiruvogi 6	730 Fjarðabyggð
Bílfang ehf.	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílhúsið ehf.	Smiðjuvegi 60	200 Kópavogur
Bíljöfur ehf.	Smiðjuvegi 34	200 Kópavogur
Bílnet ehf.	Brekkustíg 38	260 Reykjanesbæ
Bílrún ehf.	Borgarteig 7	550 Sauðárkrúkur
Bílson ehf.	Kletthálsi 9	110 Reykjavík
Bíilverk B.Á. ehf.	Gagnheiði 3	800 Selfoss
Bílvogur ehf.	Auðbrekku 17	200 Kópavogur

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
BL ehf.	Sævarhöfða 2	110 Reykjavík
Borgarbíll ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
BRA ehf.	Nýbýlavegi 10	200 Kópavogur
Bretti réttingarverkstæði ehf.	Smiðjuvegi 4d	200 Kópavogur
Brimborg	Bíldshöfða 6	110 Reykjavík
BSA hf.	Laufásgötu 9	600 Akureyri
Carbon Recycling International	Borgartúni 27	105 Reykjavík
Car-Med ehf.	Dalvegi 24	200 Kópavogur
Car-X ehf.	Njarðarnes 8	603 Akureyri
Dekk og smur ehf.	Nesvegi 5	340 Stykkishólmi
E.T. hf.	Klettagörðum 11	104 Reykjavík
Framrás ehf.	Smiðjuvegi 17	870 Vík
Frumherji hf.	Hesthálsi 6 - 8	110 Reykjavík
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.	Draghálsi 8	110 Reykjavík
GE bílar ehf.	Bolafæti 1	260 Reykjanesbæ
Glitur ehf.	Suðurlandsbraut 16	108 Reykjavík
Hekla	Laugavegi 170 - 174	105 Reykjavík
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.	Hátúni 2a	105 Reykjavík
Höfðahöllin ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Höldur ehf.	Tryggvabraut 12	602 Akureyri
Kar ehf. Bílasprautun og réttingar	Bæjarflöt 10	112 Reykjavík
Kaupfélag Skagfirðinga	Hesteyri 2	550 Sauðárkrókur
Kraftbílar ehf.	Draupnisgötu 6	603 Akureyri
Kraftur hf.	Vagnhöfða 1 - 3	110 Reykjavík
Kvikk þjónustan	Vagnhöfða 5	112 Reykjavík
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48d	200 Kópavogur
Lakkskemman ehf.	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla Bílasalan ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Málningarvörur ehf.	Lágmúli 9	108 Reykjavík
MB bílar	Kletthálsi 1a	110 Reykjavík
Mótorhaus ehf.	Langanesvegi 14	680 Þórshöfn
N1 hf.	Langatanga 1	270 Mosfellsbæ
Neyðarþjónustan ehf.	Skútuvogi 11	104 Reykjavík
Nýja Bílahöllin ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Nýsprautun ehf.	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbæ
Plastver ehf.	Drangahrauni 6	220 Hafnarfjörður
Pústþjónusta BJB ehf.	Flatahrauni 7	220 Hafnarfjörður

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Réttingaverk ehf.	Hamarshöfða 10	110 Reykjavík
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf.	Bíldshöfða 14	110 Reykjavík
Réttingaverkstæði Hjartar	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Réttingaverkstæði Jóns B ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbæ
Réttingaverkstæði Sveins ehf.	Eyrargötu 11	740 Fjarðabyggð
Réttingaverkstæði Þórarins	Grettisgötu 105	101 Reykjavík
Réttingaþjónustan	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Rétt sprautun ehf.	Smiðjuvöllum 6	260 Reykjanesbæ
Rótor ehf.	Helluhrauni 4	220 Hafnarfjörður
Ryðvörn Þórðar ehf.	Funahöfða 15	110 Reykjavík
S.B.J. Réttingar ehf.	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Sel sf.	Röndinni 5	670 Kópaskeri
Smur- og hjólbarðapjónustan ehf.	Vatnsvegi 16	230 Reykjanesbæ
Smurstöðin Fosshálsi 1	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.	Sólbakka 5	310 Borgarnesi
SS bílar ehf.	Kletthálsi 2	110 Reykjavík
Stilling hf.	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Suzuki bílar hf.	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Tékkland bifreiðaskoðun	Borgartúni 24	105 Reykjavík
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	210 Garðabæ
Transporter ehf.	Kletthálsi 15	110 Reykjavík
Varahlutaverslunin Kistufell hf.	Brautarholti 16	105 Reykjavík
Vegagerðin	Borgartúni 7	105 Reykjavík
Vélabær hf.	Bæ, Andakíl	311 Borgarnesi
Vélaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar	Brekkugötu 8	530 Hvammstanga
Vélsmiðja Grindavíkur ehf.	Seljabót 3	240 Grindavík
Víkurós ehf.	Bæjarflöt 6	112 Reykjavík
Víkurvagnar ehf.	Hyrjarhöfði 8	110 Reykjavík
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík

Í Árbók bílgreina 2017 kemur þetta m.a. fram:

- Velta í sölu nýrra bíla nam 121 milljarði kr. 2016 og jókst um fjórðung frá árinu áður.
- Meðal tekna ríkisins af bílgreinum 2016 má nefna:
 - Vörugjöld af bensíni og dísilolíu 22 milljarðar kr.
 - Vörugjöld vegna innfluttra bifreiða 8,4 milljarðar kr.
 - Bifreiða- og úrvinnslugjöld 6,6 milljarðar kr. (árið 2015).
 - Vanrækslugjöld 383 millj. kr.
 - Skráningagjöld vegna nýskráninga og eigendaskipta 368 millj. kr.
 - Umferðaöryggisgjald 156 millj. kr.
- Aldrei hafa fleiri nýir fólksbílar verið skráðir á Íslandi en 2016. Heildarfjöldi nýrra skráðra bifreiða var 20.735 á árinu, sem er 33% aukning frá árinu áður. Þar að auki voru nýskráðir hér á landi 1.702 bílar sem áður höfðu verið skráðir erlendis.
- Helmingur nýskráðra bíla árið 2016 voru bílaleigubílar.
- Fjöldi innfluttra nýrra og notaðra atvinnubíla 2016 var eftirfarandi:
 - Sendibílar: 1.773 nýir og 776 notaðir
 - Hópbílar: 235 nýir og 198 notaðir
 - Vörubílar: 215 nýir og 206 notaðir
- 76% allra nýrra bíla á Íslandi 2016 voru „litlausir“, þ.e. skráðir í litunum grár, hvítur eða svartur. Grái liturinn er langvinsælastur. Árin 2015 og 2016 var enginn bleikur bíll fluttur til landsins.
- Meðalaldur fólksbifreiða á skrá í árslok 2016 var 12,5 ár.
- Nýir bílar losuðu að meðaltali 26% minna koltvíoxíð út í andrúmsloftið en nýir bílar árið 2010. Ný framleiðslutækni gerir þetta að verkum, auk þess sem öryggisbúnaður bílanna eykst.
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa eykst stöðugt. Hlutfall slíkra orkugjafa, þ.e. lífdísilolíu, etanól og metan, jókst um 174% á tveimur árum.



BÍLGREINASAMBANDIÐ